

Fréttatilkynning frá Vegan Samtökunum.

Vegan samtökin hafa fylgst með umræðunni sl. vikur um meðferð svína á íslenskum svínabúum og harma meðferðina á dýrunum. Ill meðferð á dýrum er þekkt í öllum greinum verksmiðjubúskapar jafnt hér á landi sem og erlendis og liggja fyrir því margvíslegar óhrekjanlegar heimildir. Mikil barátta er háð um allan heim af vegan fólki til að leggja verksmiðjubú niður fyrir fullt og allt.

Vegan samtökin halda því staðfastlega fram að öll dýr eigi rétt á góðu og frjálsu lífi þar sem þau fá sínum náttúrulegu þörfum fullnægt við góð og eðlileg lífsskilyrði sem er algjörlega útilokað í verksmiðjubúskap. Samtökin berjast fyrir virkri dýravernd þar sem hagsmuna dýra er gætt í hvívetna. Þær aðstæður sem dýrunum í þessu tilfelli svínum er haldið við, brýtur algjörlega í bága við allt sem kalla má eðlileg lífsskilyrði.

Vegan samtökin telja dýr vera meðvitaðar tilfinningaverur sem geta þjáðst og glaðst eins og menn. Þau elska afkvæmi sín, dreyma, hugsa, plana og sýna kærleika eins og menn. Þetta er vísindalega sannað en Vegan samtökin leggja fyrst og fremst siðferðið til grundvallar. Menn hafa engan rétt til að nota dýr og drepa eins og tíðkast hefur um aldir en u.þ.b. 190 biljónir dýra eru drepin á hverju ári. Tími dýranna er kominn að okkar mati.

Eitt aðal markmið samtakanna er að kynna vegan lífsstíl sem gengur út á að forðast algjörlega að nota dýraafurðir í mat, fatnað, á heimili eða almennt í lífinu. Vegan samtökin benda á að vegan lífsstíll er bæði mögulegur og æskilegur og stundaður af milljónum manna um allan heim. Vegan viðhorf og lífsstíll ryður sér æ meira til rúms en hann felur í sér neyslu matvara úr jurtaríkinu og margsannað er að vegan fæði hefur mjög mikinn heilsufarslegan ávinning. Þess ber einnig að geta að verksmiðjubúskapur heimsins þ. e. dýraeldi eitt og sér veldur stórum hluta mengunar lofthjúpsins sem aftur veldur loftlagsbreytingum.

Vegan samtökin fordæma harðlega þær aðstæður sem svín búa við hérlandis og beina því til hagsmunaaðila að þeir geri sér grein fyrir því að þeir svipta dýrin öllum eðlislægum þörfum þeirra og þar með öllu eðlilegu lífi. Verksmiðjubúskapur er engu dýri bjóðandi, sem kallar á aðgerðir umsvifalaust og af festu því þjáning þessara einstaklinga er með öllu ólýsanleg. Samtökin beina því einnig til neytenda að þeir skoði ábyrgð sína í þessum málum, hvað þeir styðja með vali sínu.

Vegan samtökin á Íslandi, dýraverndunarsamtök.

<https://www.facebook.com/vegansamtokin>